

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Borgarbyggð.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Borgarbyggð, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og til verndar gróðri í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn fer með framkvæmd þessarar samþykktar.

2. gr.

Búfjárhald, s.s. nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, kanína, geitfjár, loðdýra og alifugla, er heimilt á lögbýlum í Borgarbyggð. Búfjárhald utan lögbýla er leyft í sérstaklega skipulögðum hverfum eða á grundvelli samþykktar þessarar að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Þó er takmarkað búfjárhald heimilað samkvæmt gildandi deiliskipulagssamþykktum í hesthúshverfum í Borgarnesi og á Hvanneyri án leyfis.

Um örugga vörslu graðpenings gilda ákvæði laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Liggja þarf fyrir samþykkt byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 vegna þess húsnæðis sem nota skal til búfjárhaldsins.

3. gr.

Sá sem stunda vill búfjárhald utan lögbýla, sbr. 2. gr., skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar Borgarbyggðar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, sem halda skal, tegund þess, hvaða húsnæði og land sé til umráða og öðru sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Heimilt er að halda allt að 10 hænsni á lóð hverju sinni. Þó eru hanar með öllu bannaðir utan lögbýla. Hænsnin skulu vera í öruggu gerði, sbr. 4. gr. samþykktar þessarar.

4. gr.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum, veitir hún leyfi til búfjárhalds. Leyfisveiting búfjárhalds skuldbindur þó Borgarbyggð ekki til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi handa búfé né leggja þeim til aðra aðstöðu til búfjárhalds. Með leyfi öðlast sauðfjáreigendur þó rétt til upprekstrar sauðfjár á þeim afrétti Borgarbyggðar sem við á samkvæmt gildandi fjallskilasamþykkt.

Leyfi til búfjárhalds er veitt til ótilgreinds tíma en er uppsegjanlegt með hálfis árs fyrirvara, miðað við 15. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi lögum og reglum um búfjárhald eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann að öllu leyti ábyrgð á því.

Þegar leyfið er veitt skal upplýsa leyfishafa um gildandi reglur um búfjárhald.

5. gr.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Þeir búfjáreigendur eða félagasamtök sem hafa land á leigu frá sveitarfélaginu skulu hafa landið girt gripheldri girðingu, sem nauðsynleg er til vörslu þeirra gripa sem innan hennar eiga að vera, sbr. 5. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Umsóknir um land til beitar eða slægna skal senda til sveitarstjórnar sem úthlutar landi samkvæmt tillögu umhverfis- og landbúnaðarnefndar. Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna skulu viðhalda gróðri landsins og leitast við að efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beitar- og slægjulönd eru tilgreindar reglur um umgengi við landið.

6. gr.

Allar lögskipaðar lækni meðferðir á búfénaði, s.s. garnaveikibólusetning, skulu framkvæmdar á ábyrgð og kostnað umráðamanns búfjár. Umráðamanni búfjár er skylt að merkja búfé sitt samkvæmt reglugerð nr. 916/2012.

7. gr.

Um fjallskil búfjár og skil af landi í Borgarbyggð fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og ákvæðum í gildandi fjallskilasamþykktum með síðari breytingum.

8. gr.

Óheimilt er að halda búfé, nema þar til gerður húsakostur sé í samræmi við reglugerðir um velferð búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna.

Umráðamaður búfjár er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur, samþykkt þessari og samkvæmt samningi milli aðila sbr. 3. gr. laga nr. 38/2013. Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á því að hann hafi beutiland og fóður fyrir búfé sitt og skal hann tryggja góða meðferð dýranna skv. lögum nr. 55/2013 um velferð dýra. Séu fyrrgreind skilyrði ekki uppfyllt hefur sveitarstjórn heimild til að banna viðkomandi dýrahald, falli það undir gildissvið samþykktar þessarar.

9. gr.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í Borgarbyggð. Umráðamönnum stórgripa í sveitarfélaginu er skylt að hafa þá í vörslu innan gripaheldra girðinga sbr. reglugerð um girðingar nr. 748/2002.

Nú verður stórgripa vart utan vörslugirðinga og ber þá þeim er til sér, skylt að tilkynna það til sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið gefur umráðamanni, sé vitað hver hann er, kost á að handsama búfénaðinn tafarlaust en skal að öðrum kosti láta handsama hann og færa í örugga vörslu. Umráðamanni skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem vegna tjóns eða kostnaðar við handsömun. Við ítrekuð brot eða hafi umráðamaður ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga, er heimilt að svipta hann leyfi til búfjánhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum um velferð dýra nr. 55/2013.

10. gr.

Ætli landeigandi að friða afmarkaða landspildu fyrir ágangi búfjár skal hann tilkynna sveitarstjórn það. Jafnframt skal landeigandi framvísa umsögn Búnaðarsamtaka Vesturlands þar sem fram kemur að girðing um spilduna sé gripheld og friðun sé raunhæf. Sveitarstjórn skal auglýsa umrædda friðun í samræmi við lög. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní ár hvert framvísa til sveitarstjórnar umsögn Búnaðarsamtaka Vesturlands um að vörslulínan sé fullnægjandi, að öðrum kosti fellur friðun úr gildi. Landeigandi ber allan kostnað af úttektinni.

11. gr.

Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 11. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur umráðamaður handsamaðs búfjár og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrir-mælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda sveitarfélaginu dýrin. Umráðamaður búfjár ber kostnað af handsömun búfjárins samkvæmt gildandi gjaldskrá. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans. Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði skv. lögum um búfjánhald nr. 38/2013.

12. gr.

Bygging gripahúsa annarra en hænsnakofa er einungis leyfð á ákveðnum svæðum innan þéttbýlis-marka sem skipulögð eru fyrir búfjánhald. Byggingarleyfi fyrir hænsnakofa er háð gildandi ákvæðum byggingarreglugerðar, með síðari breytingum. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan bújarða og svæða sem ekki eru ætluð til búfjánhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar sveitarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau eða endurbyggja án tilskilins byggingarleyfis. Gæta skal þess að þau líti vel út.

13. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

14. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma falla úr gildi allar fyrri samþykktir um sama efni sem gerðar voru í þeim hreppum sem við sameiningu urðu síðar að Borgarbyggð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði til leyfisveitingar, en hafa ekki leyfi til búfjárhalds, skulu sækja um slíkt leyfi til til sveitarstjórnar innan tólf mánaða frá gildistöku samþykktar þessarar.

Samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn Borgarbyggðar 11. nóvember 2021.

Borgarnesi, 11. nóvember 2021.

Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri.